

23. september 2013  
1308187

Slitastjórn Glitnis hf.  
Sóltúni 26  
105 Reykjavík

*Efni:* Gjaldeyrislög og staða slitameðferðar Glitnis hf.

Vísað er til bréfs slitastjórnar Glitnis hf. frá 27. ágúst síðastliðnum, þar sem fram kemur tillaga af hálfu slitastjórnarinnar varðandi ferli til að ljúka slitameðferð Glitnis hf. Draga má þá ályktun af efni bréfsins að einhvers misskilnings gæti hjá slitastjórninni varðandi þann ramma sem gildandi lög um gjaldeyrislög, nr. 87/1992, marka um ferlið.

Slitastjórn Glitnis hf. hefur, með bréfi til Seðlabanka Íslands dagsettu 28. nóvember 2012, óskað eftir undanþágu frá lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrislög til að ljúka slitameðferð með gerð nauðasamnings. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrislög, sbr. 13. gr. o. sömu laga, er það Seðlabanki Íslands sem veitir slíka undanþágu. Þó skal undanþága aðeins veitt að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðherra, og að undangenginni kynningu hans á efnahagslegum áhrifum hennar fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, þar sem undanþágan fellur undir þau skilyrði sem fram koma í 2. mgr. 13. gr. o. laga um gjaldeyrislög.

Lögin eru skýr hvað það varðar að forsenda þess að Seðlabanki Íslands geti mælt með jákvæðri afgreiðslu slíkrar undanþágubeiðni er að hún raski ekki stöðugleika í gengis- og peningamálum að mati bankans, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 87/1992. Frumforsenda þess að hægt sé að ljúka slíku mati er að fyrir liggi nákvæm greining á eignum og endurheimtum þrotabús Glitnis hf. með tilliti til áhrifa útgreiðslu þeirra til kröfuhafa á greiðslujöfnuð Íslands. Sérfræðingar Seðlabankans hafa unnið að slíkri greiningu en fulltrúar slitastjórnarinnar og Seðlabanka Íslands hafa hist á fjölda funda til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga frá slitastjórninni og skýra myndina. Vinnu við nauðsynlega upplýsingaöflun frá slitastjórn og mat sérfræðinga Seðlabankans á greiðslujafnaðaráhrifum sem nauðasamningur Glitnis hf. veldur miðar vel áfram en henni er hins vegar ekki lokið, eins og slitastjórninni er kunnugt um. Af þeirri ástæðu er enn ekki hægt að taka afstöðu til undanþágubeiðninnar.

Þó að nákvæmri greiningu sé ekki lokið liggur þegar fyrir að Seðlabanki Íslands getur ekki gefið jákvætt svar við undanþágubeiðni slitastjórnar Glitnis nema að fyrir liggi lausn varðandi þær eignir sem munu að óbreyttu hafa neikvæð áhrif á greiðslujöfnuð Íslands við það

að eignir búsins verði greiddar út til kröfuhafa, sem eru, eins og fram kemur í sértili Seðlabanka Íslands nr. 9, 93,8% erlendir. Hér vísast m.a. til kröfuhafaskiptingar, til krónueigna Glitnis hf., þ.m.t. hlutafjäreignar í Íslandsbanka, og kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri. Til þess að Seðlabankanum sé unnt að veita undanþágu til fyrrgreinds nauðasamnings þarf því að liggja fyrir lausn hvað þessar eignir varðar þannig að áhrif af útgreiðslu þeirra til erlendra kröfuhafa rúmist vel innan svigrúms greiðslujafnaðar Íslands og áforma um losun fjármagnshafta. Mikilvægt er að undirstrika að hér er ekki um samningsefni að ræða. Annað hvort er skilyrðið uppfyllt eða ekki. Undanþágubeiðni Glitnis uppfyllir ekki þetta skilyrði að svo stöddu.

Í ljósi framangreinds telur Seðlabankinn ekki forsendur til að setja upp ferli af því tagi sem lagt er til í bréfi slitastjórnarinnar, síst af öllu með skuldbindandi tímasetningum. Það er hlutverk slitastjórnar Glitnis hf., í tengslum við undanþágubeiðni hennar, að skapa aðstæður til að hægt verði að afgreiða umsókn um gerð nauðasamnings. Seðlabanki Íslands er eins og verið hefur tilbúinn að leggja mat á það hvort líkur séu á að einstakar leiðir fullnægi ofangreindum skilyrðum. Hafi slitastjórn Glitnis hf. útfærðar hugmyndir þar að lútandi, eins og fullyrt er í bréfi hennar, er bankinn reiðubúinn til að ræða þær.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

*Samrit:* Forsætisráðherra  
Fjármála- og efnahagsráðherra